

Dagskrá fundarins

Mætt voru Ólafur Oddur, Helgi Bjarna, Ingibergur, Jón Smári og Hugrún.

1. Fundargerð 799 lesin upp og samþykkt
  - Hugrún las upp fundargerð
2. Aðsent efni, Lotto, Bréf frá ÍSÍ er varðar íþróttaping
  - Atli og Ólafur verða fulltrúar GLÍ í Gullhömrum á Íþróttapingi ÍSÍ þann 8. og 9. Apríl.
3. Keltneska meistaramótið
  - Fór fram 24. – 26.mars, áttum þar þrjá keppendur og einn dómara. Keppendur þar náðu glæsilegum árangri og var þetta besti árangur Íslendinga á þessu móti í tuttugu ár. Ber því m.a. að þakka góðum æfingum fyrir mót. Á aðalfundi FILC samþykktu allar þjóðirnar að Ísland haldi næsta meistaramót árið 2013. Búast má við 80-100 erlendum keppendum en keppt verður bæði í kvenna- og karlaflokki. Willy Baxter forseti FILC kemur í október og skoðar aðstæður hér.
4. Skipan nefnda staðfest.
  - Óli lagði til að skipan nefndar yrði samþykkt að undanskilinni fræðslunefnd.
5. Loka umferð meistaramótsins.
  - Fór vel fram.
6. Þyngdarflokkaskiptingar í barna og unglingsflokkum.
  - Óli lagði til að þyngdarflokkaskiptingin yrði ljós í vor og tæki gildi fyrir næsta keppnistímabil.
7. Íslandsglíma og grunnskólamót 2011
  - Reyðfirðingar eru búnir að skipuleggja mótin vel. Grunnskóla og sveitaglíma hefjast klukkan tíu um morguninn og verður vonandi búin um klukkan eitt. Íslandsglíman hefst klukkan 16 og tökulíð verður á staðnum. Áætlað er að sýna þátt um Íslandsglímuna á RÚV annan í páskum.
8. Önnur mál.
  - Óli hóf máls á söfnun GLÍ fyrir Keltneska meistaramótið. Hann las upp bréf sem sent verður til fyrirtækja um ástæður söfnunar og þær leiðir sem í boði væru fyrir stuðningsaðila. Rætt var um fjáröflun, kostnað og skipulag í kringum mótið. Lagðist þetta allt saman vel í fundarmenn.
  - Næst var rætt um lokahófið sem áætlað er laugardaginn 16. apríl. Óli lagði til að ef enginn úr landsbyggðarfélögunum væri að mæta þá gæti hvert aðildarfélag haldið sitt lokahóf sjálf og ekkert lokahóf yrði haldið í nafni GLÍ. Undanfarin ár hefur þátttaka á hófið verið dræm og erfitt að fá fólk til að staðfesta þátttöku. Ákveðið var að taka púlsinn á glímufólki fyrir austan á Íslandsglímunnunni hvernig það væri stemmt fyrir hófinu.
  - Helgi tók til máls um húsnæði til mótahalds og að mörg íþróttahúsin í RVK væru uppöntuð fyrir árið. Hann vildi minna á að mikilvægt væri að panta húsnæðið með fyrirvara.
9. Næsti fundur ákveðinn og fundi slitíð
  - Fundi var slitíð og næsti fundur ákveðinn 3. maí kl. 17:30.

*Hugrún Geirsdóttir*